

Föstudaginn 14. maí 1965.

Nr. 114/1964. **Samábyrgð Íslands á fiskiskipum**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Lögtak.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Grímsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1964. Krefst hann þess, að úrskurði fégeta verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að fégetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. júlí 1964.

Með aukaálagningu í októbermánuði 1963 var gerðarþola, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, gert að greiða aðstöðugjald fyrir ár 1963, að fjárhæð kr. 271.700.00.

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða gjald þetta, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri gjaldkröfu ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, þar á meðal málskostnaði að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni getið þess, að gerðarþoli muni telja umrætt gjald ranglega á lagt og hann því neitað að greiða það án undangengins úrskurðar fógetaréttarins. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að umkrafið gjald hafi réttilega verið á gerðarþola lagt, og hefur hann í því sambandi bent á, að aðstöðugjald, að fjárhæð kr. 275.00, er lagt hafi verið á gerðarþola fyrir ár 1962, hafi hann greitt til Gjaldheimtunnar 18. desember s.l., án þess að vitað sé, að sú greiðsla hafi verið innt af hendi með fyrirvara, sbr. rskj. nr. 15.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindri gjaldkröfu og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins reist fyrst og fremst á því, að hann telur, að gerðarþoli, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sé ríkisstofnun og sé því undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt beinum ákvæðum laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, auk þess sem starfsemi gerðarþola sé slík, að engri átt náí, að hún eigi að greiða nokkra opinbera skatta, enda verði Samábyrgðin eigi talin atvinnustofnun eða stofnun, sem reki atvinnu. Í samræmi við þetta hafi gerðarþoli aldrei verið talinn gjaldskyldur til sveitarfélags eða ríkissjóðs fyrir gildistöku framangreindra laga. Til stuðnings þessum skoðunum sínum hefur umboðsmaður gerðarþola vísað til þess, að landsstjórnin hafi á sínum tíma átt frumkvæði að stofnun Samábyrgðarinnar (sbr. frumvarp með greinargerð, Alþt. A. 1909, bls. 192 18—24 og B. 1909, bls. 894—898), hafi lagt henni til stofnfé og ábyrgzt rekstur hennar, að vísu með takmarkaðri fjárhæð.

Þá skipi ríkisstjórnin meiri hluta stjórnar Samábyrgðarinnar og hafi mjög nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri hennar. Þá hafi og frá upphafi verið ákveðið í lögum um Samábyrgðina, að ef hún hætti störfum eða félagið legðist niður, þá félli tekjuafgangur þess til Fiskveiðasjóðs Íslands, sem sé ríkisstofnun, og sé það ákvæði enn í gildi, sbr. 13. gr. laga nr. 23/1921. Til viðbótar framangreindum varnarástæðum hefur umboðsmaður gerðarþola enn fremur lagt áherzlu á það, að eðli starfsemi gerðarþola og tilgangur sé að öðru leyti þannig, að honum beri eigi að greiða umkrafað gjald. Samábyrgðin hafi öðru fremur verið stofnuð til þess að auka tryggingu íslenskra fiskiskipa og jafnframt að færa tryggingarnar inn í landið og miði því til almenningsheilla. Starfsemi stofnunarinnar verði því eigi talin atvinnurekstur í venjulegri merkingu þess orðs, heldur sé hér í raun og veru um að ræða samhjálp félagsmanna, án þess að til sé ætlað, að um gróða verði að ræða fyrir félagsskapinn, nema til hagræðis fyrir félagsmenn, sem þá kæmi fram í lækkuðum iðgjöldum. Hefur umboðsmaður gerðarþola til frekari stuðnings framangreindra sjónarmiða sinna um skattfrelsi gerðarþola vísað til síðari mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, þar sem segi, að undanþegnir aðstöðugjaldi skuli þeir, sem um getur í 29. gr. sömu laga, en í f-lið þeirrar greinar segi, að félög, sem enga atvinnu reki, skuli undanþegin gjaldinu. Í g-lið sömu greinar segi enn fremur, að ríkisstofnanir . . . . . svo og sjóðir, sem standi undir umsjón ríkisstjórnarinnar . . . . . og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reki, skuli undanþegin gjaldinu. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola enn fremur vísað til greinargerðar frumvarpsins um stofnun Samábyrgðarinnar, sem að framan greinir, og umræðnanna um málið þá (1909) á Alþingi og reglugerðar 22. janúar 1910 fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2., 5. og 13. gr. Að því er varðar það atriði, að gerðarþoli greiddi aðstöðugjald fyrir ár 1962, ef til vill án fyrirvara, og gætti eigi að kæra álagningar þessar, þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að það hafi enga úrslitabýðingu um það, hvort gerðarþoli hafi verið gjaldskyldur að lögum eða ekki.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann upplýst, að með bréfi, dags. 18. október 1962 (rskj. nr. 12), hafi skattstofan skorað á gerðarþola að senda henni framtal til aðstöðugjalds fyrir það

ár innan ákveðins tíma, en gerðarþoli hafi eigi orðið við þessari áskorun né svarað bréfi skattstofunnar. Hafi skattstofan þá sent gerðarþola annað bréf, dags. 30. september 1963 (rskj. nr. 14), þar sem gerðarþola er gefinn kostur á að senda skattstofunni framtöl fyrir árin 1962 og 1963. Þessu síðara bréfi skattstofunnar hafi gerðarþoli svarað með bréfi, dags. 20. október 1963 (rskj. nr. 13), og þá sent umbeðin framtalsgögn. Með bréfi, dags. 22. október 1963, hafi skattstofan tilkynnt gerðarþola um álagningu aðstöðugjalda á hann fyrir ár 1962 og 1963 (sbr. rskj. nr. 9 og 11) og hversu upphæðirnar séu fundnar, og sé í því efni að öllu farið eftir þeim reikningum (rskj. nr. 8 og 10), sem gerðarþoli hafi sjálfur sent.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur eindregið mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, að Samábyrgðin ré ríkisstofnun og að hún verði eigi talin atvinnustofnun eða stofnun, sem reki atvinnu, og að hún eigi því að vera undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt beinum ákvæðum laga nr. 69/1962. Í bréfi umboðsmanns gerðarþola til umbjóðanda síns, sem sé hluti af greinargerð hans, vísir umboðsmaður gerðarþola um skattfrelsi gerðarþola til 8. gr. og 29. gr. laga nr. 69/1962, en í þessum tilvitnuðu lagagreinum sé þess enga stoð að finna, að gerðarþoli skuli vera undanþeginn álagningu og greiðslu aðstöðugjalds. Í f-lið 29. gr. laganna segi að vísu, að undanþegin útsvari og þar með aðstöðugjaldi, sbr. 2. mgr. 8. gr. sömu laga, séu félög, sem enga atvinnu reki, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög o. fl., og í 4. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald segi um undanþágurnar: „Félög til eflingar lista og vísinda, skemmtifélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög, enda reki slík félög ekki atvinnu“. Það verði með engu móti séð, að unnt sé að jafna gerðarþola til félaga, sem enga atvinnu reki, hvað þá að hann eigi nokkuð sameiginlegt með þeim félags-typum, sem teknar eru sem dæmi í 29. gr. nefndra laga um félög, sem enga atvinnu reki. Það sé engum vafa undirorpið, að gerðarþoli reki umfangsmikla tryggingarstarfsemi. Þannig sé aðstöðugjaldsstofn á árinu 1962 kr. 55.011.237.05 og á árinu 1963 kr. 54.336.216.63, sbr. rskj. nr. 8 og 10. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að lagt hafi verið á gerðarþola ár 1963 slysatryggingar-, lífeyristryggingar- og atvinnuleysisstryggingargjöld, sem hann hafi greitt, en gjöld þessi séu aðeins lögð á atvinnurekendur, og séu þau miðuð við það kaup, sem þeir

greiði starfsmönnum sínum. Af þessu sé ljóst, að sú varnar-  
 ástæða, að gerðarþoli sé eigi atvinnurekandi, fái eigi staðizt.  
 Hvað varði tilvísun umboðsmanns gerðarþola til g-liðs 29. gr.  
 laga nr. 69/1962 og 5. töluliðs 5. gr. reglugerðar nr. 81/1962,  
 þá sé það ljóst, að ef gerðarþoli sé ríkisstofnun, þá eigi hann  
 ekki að greiða aðstöðugjald. Hins vegar hafi eigi verið færð  
 rök fyrir því, að svo sé, enda mótmæli hann því eindregið.  
 Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til  
 laga nr. 23/1921 um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, sem nú  
 gildi fyrir gerðarþola, sbr. 2. gr. laganna. Í 12. gr. þeirra laga  
 séu ákvæði um stjórn fyrirtækisins, stjórnarfyriřkomulag og  
 skyldu þess til að senda Stjórnarráðinu yfirlit um starfsemina  
 o. fl. Ekkert af þessum ákvæðum bendi til þess, að hér sé um  
 ríkisstofnun að ræða. Þvert á móti bendi ákvæði 3. gr. laganna  
 til þess, að hér sé um að ræða sjálfstætt fyrirtæki með ríkis-  
 ábyrgð, og henni þó takmarkaðri. Starfsmenn gerðarþola muni  
 eigi vera taldir ríkisstarfsmenn, enda eigi vera á launalögum  
 ríkisins. Þá sýni og lokaákvæði 12. gr. nefndra laga, að hér sé  
 eigi um ríkisstofnun að ræða, því ef svo væri, hefði ákvæði  
 þetta verið óþarft með öllu.

Að því er varðar þá varnarástæðu umboðsmanns gerðarþola,  
 að aldrei hafi verið lagðir skattar á gerðarþola fyrir gildis-  
 töku laga nr. 69/1962, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent  
 á, að með lögum nr. 44/1962 um breytingu á lögum nr. 61/1947  
 um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip hafi undanþáguákvæði um  
 skattskyldu einstakra váttryggingafélaga verið felld niður að  
 nokkru leyti (þ. e. þeim gert að greiða fasteignaskatt og að-  
 stöðugjald samkvæmt II. og III. kafla laga nr. 69/1962). Um  
 Samábyrgðina sjálfa hafi aldrei verið nein undanþáguákvæði  
 frá sköttum, en hins vegar talið eðlilegt, að ekki væri á hana  
 lagt, meðan hin einstöku félög voru skattfrjáls. Þegar það skatt-  
 frelsi hafi verið afnumið, hafi álagning á Samábyrgðina verið  
 sjálfsgöð.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola  
 mótmælt gjaldskyldu gerðarþola, að því er varðar umkrafíð  
 gjald, og gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar  
 umbeðnu lögtaksgerðar. Hefur hann reist mótmæli sín og kröfur  
 á þeim forsendum fyrst og fremst, að gerðarþoli sé ríkisstofn-  
 un og sé því skattfrjáls að lögum, að því er umkrafíð gjald varð-  
 ar, og enn fremur, að gerðarþoli sé eigi atvinnustofnun og eigi

einnig af þeim ástæðum að vera undanþeginn álagningu og greiðslu umkrafins gjalds.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarþoli sé sjálfstætt fyrirtæki, að vísu stofnað að frumkvæði landsstjórnarinnar á sínum tíma með stofnframlagi frá landssjóði og landssjóðsábyrgð að vissu marki og lúti því um skattskyldu, að því er umkrafið gjald varðar, sömu reglum og önnur fyrirtæki hliðstæð.

Umboðsmaður gerðarþola hefur máli sínu til stuðnings vísað til frumvarps um stofnun Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og greinargerðar fyrir því, sem fram kom á Alþingi 1909, svo og umræðna um málið þá á Alþingi. Enn fremur hefur hann vísað til 8. og 29. gr. laga nr. 69/1962, reglugerðar 22. janúar 1910 fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2., 5. og 13. gr., svo og laga nr. 23/1921 um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip. Rétturinn lítur svo á, að ekkert komi fram í greinargerð fyrir framangreindu frumvarpi frá 1909 eða í frumvarpinu sjálfu né umræðum, er bendi til þess, að löggjafinn hafi litið á hina væntanlegu samábyrgð sem ríkisstofnun, enda voru ábyrgð landssjóðs þegar í upphafi takmörk sett. Að vísu hefur starfsemi gerðarþola ávallt verið undir nákvæmu og stöðugu eftirliti ríkisstjórnarinnar og hún skipað meiri hluta stjórnar fyrirtækisins. En þau afskipti ríkisvaldsins af rekstri gerðarþola eru að áliti réttarins fyrst og fremst vegna ábyrgðar ríkissjóðs á rekstrinum, það sem hún nær, svo sem fram kemur í 4. gr. laga nr. 23/1921, en þar segir svo: „Reglugerð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldagreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki Stjórnarráðs Íslands, og hefur það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur“. Þá segir enn fremur í lokaákvæði 12. gr. sömu laga: „Stjórnarráðið getur, hvenær sem því lízt, látið rannsaka allan hag félagsins og, ef nauðsyn krefur, skipað yfir það eftirlitsstjórn“. Verður rétturinn að vera sammála umboðsmanni gerðarbeiðanda um, að ákvæði þetta bendi til, að löggjafinn hafi eigi litið á gerðarþola sem ríkisstofnun, enda hefði ákvæðið þá verið óþarft. Hvað það ákvæði 13. gr. framangreindra laga varðar, að ef Samábyrgðin leggist niður, þá falli tekjuafgangur hennar til Fiskveiðasjóðs Íslands, þá lítur rétturinn svo á, að ákvæði þetta renni engum stöðum undir það, að Samábyrgðin sé ríkisstofnun, heldur sé þetta skilyrði, sem sett hafi verið meðal annars vegna framlags landssjóðs til stofnunarinnar og ábyrgðar hans

á rekstri hennar. Þá er og heldur ekki vitað, að neitt af tekjum gerðarþola gangi til ríkissjóðs. Rétturinn fær því ekki séð, að gerðarþoli falli undir undanþáguákvæði 8. og 29. gr. laga nr. 69/1962. Samkvæmt þessu verður rétturinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé eigi ríkisstofnun og lúti að því leyti sömu reglum um gjaldskyldu sem önnur venjuleg fyrirtæki.

Að því er varðar þá fullyrðingu umboðsmanns gerðarþola, að gerðarþoli sé eigi atvinnustofnun eða reki atvinnu, þá bera gögn málsins það með sér, að hann rekur umfangsmikla tryggingarstarfsemi, enda var aðstöðugjaldsstofninn ár 1962 kr. 55.011.237.05 og ár 1963 kr. 54.336.216.63, svo sem að framan greinir. Af þessu telur rétturinn eigi fara á milli mála, að gerðarþoli sé atvinnustofnun í venjulegum skilningi þess orðs og að hún sé sem slík gjaldskyld sem önnur atvinnufyrirtæki, að því er umkrafið gjald varðar.

Samkvæmt framangreindu lítur rétturinn svo á, að umkrafið aðstöðugjald hafi réttilega verið á gerðarþola lagt. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

---